

# Loftslagssjóður

Kynningarfundur í Norræna húsinu 28. nóvember 2019

# Áherslur

Hildur Knútsdóttir, formaður stjórnar

# Stjórn sjóðsins

- Hildur Knútsdóttir, formaður, án tilnefningar
- Helga Barðadóttir, án tilnefningar
- Hjálmar Hjálmarsson, tilnefndur af umhverfisverndarsamtökum
- Jón Ólafsson, tilnefndur af háskólasamfélaginu
- Pétur Reimarsson, tilnefndur af Samtökum atvinnulífsins

# Áherslur stjórnar - styrktegundir

Boðið er upp á tvær styrktegundir og eru styrkirnir veittir til eins árs.

- Styrkir til kynningar og fræðslu um loftslagsmál. Styrkuppþæð til verkefnis getur að hámarki verið 5 milljónir króna.
- Styrkir til nýsköpunarverkefna eru ætlaðir meðal annars til þess að styrkja rannsóknir og þróunarstarf í tengslum við innleiðingu á nýjum loftslagsvænum tæknilausnum og hönnun. Styrkuppþæð til verkefnis getur að hámarki verið 10 milljónir króna.

# Fjármagn

- Alls verður um 500 milljónum króna varið til sjóðsins á fimm ára tímabili.
- **2019 – 60 m.kr.**
- **2020 – 80 m.kr.**
- 2021 – 100 m.kr.
- 2022 – 130 m.kr.
- 2023 – 130 m.kr.

# Handbók

Ása Guðrún Kristjánsdóttir, Rannís

# Handbók sjóðsins

Öllum er heimilt að sækja um í sjóðinn. Það styrkir umsókn ef um samstarf milli einstaklinga, fyrirtækja, félagasamtaka og/eða stofnana er að ræða. Það styrkir umsókn ef verkefnið hefur möguleika til að nýtast sem víðast í samfélaginu.

Styrki Loftlagssjóðs má nota til að samfjármagna alþjóðlega styrkt verkefni með svipað viðfangsefni. Styrkir eru hins vegar aðeins greiddir inn á íslenska bankareikninga.

Rafrænt umsóknareyðublað er á íslensku en skila má umsóknum á íslensku og á ensku.

Birting skal vera á íslensku.

# Umsóknarfrestur og umsóknarkerfið

Opnað hefur verið fyrir umsóknir í sjóðinn

Umsóknarfresturinn rennur út 30. janúar 2020 kl. 16:00

**Eingöngu er tekið við umsóknum í gegnum rafrænt umsóknarkerfi Rannís. Ekki er tekið við gögnum eftir að umsóknarfrestur rennur út.**



# Fylgigögn með umsókn

Verkefnislýsing skal fylgja með umsókn:

1. Markmið verkefnisins, raunhæfi, nýnæmi og áhrif
2. Tíma- og verkáætlun, aðferðir, vörður, núverandi staða verkefnis o.fl. og afurðir
3. Verkefnisstjórnun og samstarf

Til að gæta jafnræðis allra umsækjenda er umsóknum þar sem ekki er notað rétt eyðublað og sniðmát vísað frá.

Myndskrá:

Senda má hlekk á myndskrá. Myndskráin má ekki vera lengri en 5 mínútur.

Önnur fylgigögn eru ekki leyfð.

# Samþykktur kostnaður

- **Laun** vegna vinnu við verkefnið. Ekki þurfa allir þátttakendur að vera nafngreindir þegar umsóknarfrestur rennur út en vinnuframlag allra þátttakenda sem sótt er um laun fyrir verður að vera skilgreint í umsókn. Loftslagssjóður styrkir ekki greiðslu launa til þeirra sem eru á fullum launum í öðrum störfum.
- **Annar kostnaður** getur verið kostnaður vegna nauðsynlegra aðfanga fyrir verkefnið, sem og kostnaður vegna samrekstrar og aðstöðu, ferðakostnaðar og aðkeyptrar þjónustu. Gera þarf grein fyrir öllum kostnaði sundurliðuðum í viðeigandi reitum í rafræna umsóknareyðublaðinu. Óútskýrður kostnaður verður ekki samþykktur.

# Faglegt matsferli

- Fagráð Loftslagssjóðs verður skipað að lágmarki 5 fagráðsmönnum, nöfn þeirra verða birt á vefsíðu sjóðsins innan skamms.
- Fagráð metur umsóknir og skilar skriflegri greinargerð til stjórnar Loftslagssjóðs þar sem umsóknum hefur verið forgangsraðað á grunni hins faglega mats.

# Matsþættir

## **Nýnæmi og áhrif verkefnisins**

- Jákvæð áhrif verkefnis á loftslag
- Hefur verkefnið jákvæð samfélagsleg áhrif?
- Mun verkefnið nýtast víða í samfélaginu?
- Nýnæmi

## **Gæði og raunhæfi**

- Er verkefnið vel skilgreint?
- Eru markmið skýr?
- Er framkvæmd verkefnisins vel skilgreind?
- Hversu raunhæft er verkefnið?

## **Verkefnisstjóri og aðrir þátttakendur**

- Er um samstarf milli einstaklinga, fyrirtækja, félagasamtaka og/eða stofnana að ræða?
- Þekking, reynsla og hæfni verkefnisstjóra og annarra þátttakenda á sviði verkefnisins

# Styrkveitingar

- Stjórn Loftslagssjóðs tekur ákvörðun um styrkveitingar á grundvelli greinargerðar fagráðs. Þegar úthlutun liggur fyrir fá umsækjendur svarbréf í hendur með lokamati fagráðs. Tilkynna skal öllum umsækjendum um afgreiðslu umsóknar.
- Styrkveitingar eru birtar á vef Rannís.
- Ákvarðanir sem teknar eru um veitingu styrkja úr Loftslagssjóði eru endanlegar á stjórnarsýslustigi.